

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.:	24-032F010
Dags:	6. ágúst 2024
Staður:	Í Múlakoti
Lýsing:	Nefhjól féll saman í snertilendingu

Flugmaður var á flugvélinni TF-BAA (Piper PA-23) í snertilendingu á flugvælinum í Múlakoti á leið aftur í loftið, þegar hann tók í handfang til þess að taka upp hjólin áður en flugvélin var komin á loft.

Við það féll nefhjólið saman og flugvélin hafnaði á nefinu. Skemmdust loftskrúfur og nefhlíf flugvélarinnar.



Í flugvélinni er skynjari sem kemur í veg fyrir að hjólin fari upp þegar flugvélin er á jörðu, þrátt fyrir að flugmaður velji að taka hjólin upp. Ef yfirborð flugvallar er hins vegar ekki slétt, t.d. á grasbraut eins og í Múlakoti, þá er hugsanlegt að nefhjól flugvélar lyftist að litlu leyti frá jörðu í landingar- eða flugtaksbruni. Við það mun skynjarinn telja að flugvélin sé komin á loft og kemur ekki í veg fyrir að nefhjólið færist upp. Því ber að varast að taka í handfang fyrir hjólin fyrr en tryggt er að flugvélin sé að fullu komin á loft.

Sambærilegt atvik átti sér stað í Múlakoti þann 1. ágúst 2007, þegar flugvél N3294P (PA-23) hafnaði einnig á nefinu.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 10. október 2024.